

Steinunn Kristjánsdóttir

## Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2011



Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXXII

Steinunn Kristjánsdóttir

# Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2011

© Steinunn Kristjánsdóttir 2012

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2011

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXXII

Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir

Útgáfustaður: Reykjavík

Forsíðumynd: Nico grefur upp gröf sunnan við klausturkirkjurústina.

ISBN 978-9935-9076-0-8

ISSN 1670-7982

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>REKSTUR RANNSÓKNAR</b> .....	<b>4</b>
<b>UPPGRÖFTUR ÁRIÐ 2011</b> .....	<b>6</b>
<b>Á VETTVANGI</b> .....	<b>7</b>
RÚSTIR OG KIRKJUGARÐSMÚR .....	8
GRAFIR .....	10
GRÍPIR.....	10
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>11</b>
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>13</b>
JARÐLAGASKRÁ 2002-2011 .....	14
FUNDASKRÁ 2011 .....	16

## Inngangur

Uppgrefti á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal er nú lokið. Stóð hann í tvo mánuði sumar hvert í 10 ár samfleytt, frá árinu 2002 þar til nú í ágúst 2011. Markmiðið var að rannsaka byggingar og starfsemi klaustursins, sem rekið var á staðnum tímabilið 1493-1554. Um leið var ætlunin að kanna hvort það hafi greint sig frá öðrum samtíða kaþólskum klaustrum, líkt og löngum hefur almennt verið talið um íslensk klaustur. Segja má að markmiðinu hafi verið náð með vel viðunandi hætti á uppgraftartímabilinu.

Í þessari XXXII. skýrslu Skriðuklaustursrannsókna<sup>1</sup> er skýrt frá framvindu uppgraftarins, sem og rannsóknarinnar allrar árið 2011. Starfsmenn voru 15 og unnu þeir við hana í skemmri eða lengri tíma. Steinunn Kristjánsdóttir hafði yfirumsjón með verkefningu og var Vala Gunnarsdóttir fornleifafræðingur henni til aðstoðar. Vann hún einkum að frágangi gagna og úrvinnslu teikninga.

Fornleifarannsóknin var kynnt með ýmsum hætti á árinu. Fjórar greinar voru birtar um uppgröftinn í innlendum og erlendum ritrýndum ritum, tvær í ritstýrðum ritum og þrjár skýrslur gefnar út í skýrsluröð rannsóknarinnar, auk þriggja skráningarskýrsla sem unnar voru fyrir Fljótsdalshrepp. Niðurstöður voru einnig kynntar í sex fyrirlesturum, auk veggspjaldakynningar á Hugvísindabíngi Háskóla Íslands.

## Rekstur rannsóknar

Framlög til rannsóknarinnar árið 2009 námu samtals rúmum 12 milljónum króna. Voru þau veitt úr ríkissjóði, svo og úr ýmsum öðrum sjóðum, eins og Fornleifasjóði, Leonardo-áætlun ESB, NordPlus, Rannsóknasjóði HÍ og Vinnuálastofnun. Samstarfi var jafnframt haldið áfram við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri, Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, skoska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. og Þjóðminjasafn Íslands. Allar þessar

---

<sup>1</sup> Stjórn félagsins Skriðuklaustursrannsókna (SKR) sem stofnað var haustið 2001 hefur yfirumsjón með fornleifarannsókninni á klaustrinu og annast framkvæmd hennar. Í stjórn þess sitja árið 2007 Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður, tilnefndur af Gunnarsstofnun (stjórnarformaður), varamaður hans er Vésteinn Ólason, forstöðumaður Stofnunar íslenskra fræða, Elfa Hlín Pétursdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands (ritari), varamaður hennar er Sigurjón Bjarnason formaður stjórnar Minjasafns Austurlands, Anna Lía Rúnarsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, varamaður hennar er Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir prófastur, tilnefnd af Biskupsstofu, varamaður hennar er sr. Lára Oddsdóttir sóknarprestur á Valþjófsstað, Jón Kristjánsson fyrrverandi alþingismaður og varamaður hans er Erna Indriðadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa á Austurlandi, án tilnefninga. Höfundur þessarar skýrslu er framkvæmdastjóri félagsins og verkstjóri rannsókna.

stofnanir og fyrirtæki styrktu félagið með óbeinum framlögum, auk Landsvirkjunar sem lánaði verkefninu endurgjaldslaust vinnubúðir fyrir starfsmenn, þar sem þeir bjuggu allt uppgraftartímabilið. Loks ber að geta þess að verkefnastjóri situr í 75% stöðu dósentis við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn og nýtti rannsóknarskylduhluta stöðu sinnar til þess að sinna verkefninu.

Skipting framlaga var eftirfarandi:

- 1) 2,4 milljónum króna var veitt úr ríkissjóði til almenns reksturs rannsóknarinnar, þ.m.t. laun heilsárs- og hlutastarfsmanna, greiningu mannabeina og forvörslu gripa frá uppgreftinum.
- 2) Fornleifasjóður veitti verkefninu 3,5 milljónir króna styrk til reksturs uppgrafarins sjálfs á Skriðuklaustri.
- 3) Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veitti rannsókninni styrk að upphæð 800 þúsund krónur til grunnvinnslu teikninga og röntgenmyndatöku mannabeina.
- 4) 2,2 milljón króna var veitt úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins til að greiða ferða- og uppihaldskostnað sex breskra fornleifafræðinga vegna starfa þeirra í átta vikur við uppgröftinn.
- 5) Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti styrk, kr. 420 þús, til þriggja mánaða verkefnis um miðlun niðurstaðna á Skriðuklaustri og nýtingu staðarins til ferðaþjónustu.
- 6) Frá NordPlus komu rúmar 500 þúsund krónur vegna vettvangsnámskeiðs sem haldið var á Skriðuklaustri á vegum Linneusuniversitetet í Kalmar. Þrír framhaldsnemar í fornleifafræði frá Svíþjóð tóku þátt í vettvangsnámskeiðinu.
- 7) Loks vann félagið Skriðuklaustursrannsóknir að tveimur skráningarverkefnum fyrir Fljótsdalshrepp og rann ágóði þeirra til reksturs uppgrafarins.

Rekstur uppgrafar á Skriðuklaustri er stærsti útgjaldaliður rannsóknarinnar en í honum felast laun og uppihald sumarstarfsmanna, rekstur vinnubúða og bifreiða. Til hans telst jafnframt kostnaður vegna umbúða og uppgrafaráhalda. Aðrir stórir liðir tengjast forvörslu og greiningarvinnu ýmiskonar, s.s. á jarðvegssýnum, gripum og beinum dýra og manna, auk aðkeyptrar vinnu við opnun svæða á vinnuvélum. Öllum þeim sem störfuðu við rannsóknina árið 2010, svo og styrktaraðilunum sama ár, eru hér með færðar bestu þakkir.

## Uppgröftur árið 2011

Sumarið 2011 stóð uppgröfturinn í tvo mánuði eins og áætlað, þ.e. tímabilið frá 20. júní til 19. ágúst og var styrkur Fornleifasjóðs eingöngu nýttur til rekstur hans. Starfsmenn á vettvangi voru 16 að jafnaði en sex aðrir starfsmenn unnu við ýmsa þætti uppgraftarins utan hans.

Steinunn Kristjánsdóttir stjórnaði uppgreftinum. Ellefu aðrir fornleifafræðingar frá Íslandi, Svíþjóð og Bretlandi unnu á vettvangi hans, svo og mannabeinafræðingur. Grunnemar í fornleifafræði voru þrír frá Háskóla Íslands. Auk þessara starfsmanna vann einn starfsmaður við úrvinnslu teikninga jafnóðum og þær bárust úr uppgreftinum, annar vann við innslátt á fundaskrám í Sarp og þrír unnu við greiningar á skordýrum, fræjum og dýrabeinum. Starfsmennirnir voru eftirtaldir (sjá einnig mynd 1):




Mynd 1. Starfsmenn á vettvangi á Skriðuklaustri sumarið 2011 (mynd: Gunnar Gunnarsson).

Steinunn Kristjánsdóttir, verkefnastjóri  
Una Helga Jónsdóttir fornleifafræðingur og aðstoðarmaður verkefnisstjóra  
Elin Ahlin Sundman mannabeinafræðingur  
Albína Hulda Pálsdóttir fornvistfræðingur (dýrabein)  
Patricia Shaw fornvistfræðingur (fræ)  
Lynda Shaw fornvistfræðingur (skordýr)  
Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur í doktorsnámi  
Katherine McBride fornleifafræðingur  
Rebecca Marie Cessford fornleifafræðingur  
Sean Lewis fornleifafræðingur

Nicolas Tait fornleifafraeðingur  
Helen Green fornleifafraeðingur  
Kate McAnally fornleifafraeðingur  
Oscar Spjuth fornleifafraeðingur  
Fredric Wirbrand fornleifafraeðingur  
Anna Klinberger Wändahl fornleifafraeðingur  
Sverrir Jónsson fornleifafraeðinemi  
Arnar Logi Björnsson fornleifafraeðinemi  
Sigurjóna Guðnadóttir fornleifafraeðinemi  
Vala Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur (vinnsla teikninga)  
Jónína Eyvindardóttir fornleifafraeðinemi (innsláttur í Sarp)

## Á vettvangi



Teikning 1. Reitaskipting uppgrftarins á Skriðuklaustri.

Stefnt var að því að ljúka uppgrefti á svæðinu öllu en þegar vettvangsvinnan hófst í júní átti aðeins eftir að grafa upp rými austast á rústasvæðinu (a og b), öskuhauginn (Í), inngang í

kirkjugarðinn (e) og grafir (Ä, g, c, d, Ú, É, Ø og Ý). Í svigunum er vísað til Teikningar 1 en þannig má sjá nánar hvar á rústasvæðinu var grafið að þessu sinni.

Öllum markmiðum uppgrftar sumarið 2011 var náð en enn er verið að vinna úr þeim gögnum sem grafin voru upp.

### ***Rústir og kirkjugarðsmúr***

Austast á rústasvæðinu komu í ljós tvö ný rými (sjá svæði a og b á Teikningu 1). Um leið kom eystri jaðar byggingarinnar í ljós. Austast á svæðinu kom einnig í ljós hlaða frá því um 1900 en hún hafði verið byggð að hluta ofan í annað þeirra rýma sem tilheyrðu klaustrinu.



Teikning 2. Rústir Skriðuklausturs að loknum uppgrefti (teikning: Vala Gunnarsdóttir 2012).

Unnið er að greiningu gólflagssýna úr austustu rýmum klaustursins en vonir standa til að þá verði hægt að skera úr um nýtingu þeirra. Í öðru þeirra var lítið eldstæði, svo það getur hafa verið einskonar útielldhús. Þetta á þó eftir að koma betur í ljós þegar greiningar liggja fyrir.



Lítill öskuhaugur var grafinn upp við innganginn sem lá inn í klausturbygginguna að norðanverðu á milli eldhúss og matsalar. Bendir það til þess að þetta hafi verið bakhlíð klaustursins, því varla var öskuhaugurinn staðsettur við aðalinnganginn í það. Var hann allur grafinn upp. Í haugnum fannst mikið af brenndum steinum úr seyðum, dýrabein, keramikbrot og ógreinanlegar koparþynnur.

Umhverfis kirkjugarðinn að sunnan- og austanverðu er múr sem tengist klausturhúsunum og gerir hana að lokaðri þyrpingu (sjá Teikningu 2). Ákveðið var að grafa ekki upp allan múrinn og þeir hlutar hans sem grafnir voru upp látnir duga til túlkunar á honum. Hann var hlaðinn úr torfi og grjóti, eins og byggingin öll. Ljóst var þó að hann hafði verið færður til einu sinni en greina mátti leifar eldri garðs austast í kirkjugarðinum. Hefur það að líkindum verið gert seint á klausturtímanum, því lítið sem ekkert var jarðsett í nýja hlutanum.



Mynd 2. Kirkjutröppur Skriðuklausturskirkju (mynd: Arnar Logi Björnsson).

Einn af þeim bútum sem grafnir voru upp af kirkjugarðsmúrnum var inngangurinn en ákveðið að grafa hann upp að fullu. Þetta er líklega hið svokallaða sáluhlíð. Í honum komu í ljós hellulagðar tröppur sem lágu inn í kirkjuna (Mynd 2). Greinilegt var að kirkjugarðsmúrinn

hafði verið lagður yfir hann og honum lokað, að öllum líkindum þegar yngri kirkjan var byggð um miðja 17. öld.

### **Grafir**

Ekki var ljóst hversu margar grafir lágu enn órannsakaðar þegar uppgröftur hófst í júní sl. en stefnt var að því að opna sem flestar þeirra til þess að ná fram heildarmynd af kirkjugarðinum. Þess vegna var jarðvegur hreinsaður ofan af öllum syðri og vestari hluta hans og útlínur grafa skráðar. Notuð var jarðsjá til þess að afmarka þær. Lokið var við að grafa upp 42 þeirra en 26 til viðbótar þeim voru aðeins skráðar og staðsetning þeirra ákvörðuð. Ákveðið var að grafa þær ekki upp að fullu vegna lélegrar varðveislu beina í þeim en vatn hafði runnið um það svæði kirkjugarðsins þar sem þær voru staðsettar. Þær grafir sem aðeins voru skráðar eru auðkenndar með krossum á Teikningu 2 en aðrar eru auðgreinanlegar sem beinagrindur.

Ljóst er því að 268 voru jarðaðir í Skriðuklausturskirkjugarði hið minnsta en nokkuð er um laus bein að auki úr röskuðum gröfum. Þau hafa nú verið greind og tilheyra 27 röskuðum gröfum. Heildarfjöldi grafa hefur því verið 295. Svo virðist sem að all flestar, ef ekki allar grafirnar, hafi verið teknar á klausturtíma og fáar, eða engar, teknar eftir að honum lauk. Það er hugsanlegt að einhverjar útfarir hafi farið fram þar í stuttan tíma eftir að kirkjan var endurbyggð, þó það sé alls ekki víst. Grafirnar eru mjög líkar hver annari, hvað varðar grafarumbúnað, og eru auk þess frekar reglulega raðað innan garðsins. Loks fundust engir legsteinar, sem verður að teljast einkennilegt hafi kirkjugarðurinn verið nýttur af sýslumönnum á Skriðu eftir að klausturhaldi lauk. Legsteinar voru algengir á þeim tíma og einkum og sér í lagi á leiðum fyrirmenna.

Ekkert óvænt kom í ljós í gröfunum að þessu sinni, aðeins fleiri dæmi um þá sjúkdóma sem áður höfðu fundist. Þar á meðal má nefna sull, sárasótt og berkla, auk annarra kvilla eins og vegna beinbrota eða hörgulsjúkdóma.

### **Gripir**

Samtals voru grafnir upp ríflega 1000 gripir og bein sumarið 2011 og er það nokkuð í samræmi við eðli rústanna og gripafjölda fyrri ára. Leifar af skó fundust í öðru rýminu austast á rústasvæðinu, en þetta er fyrsti skórinn sem finnst við uppgröftinn og verður því sá eini í gripasafninu. Fyrst fannst hluti sólans en síðan efri hlutinn tiltölulega heill. Einnig fannst emaljeraður hlandkoppur í hlöðunni sem byggð var um aldamótin 1900 ofan í klausturrústirnar. Hann var nánast heill en á hann vantaði aðeins haldið.



Mynd 3. Oddur af ör úr lásboga fannst austast á rústasvæðinu (mynd af alg.is).

Merkasti fundur sumarsins var án efa örvaroddur sem fannst í rýminu undir hlöðunni (Mynd 3). Hann er úr kopar en hluti af örinni, sem er úr tré, hafði einnig varðveist. Örin hefur verið fyrir lásboga sem voru algengt vopn á miðöldum en lögum oddsins bendir til þess að hann sé frá þeim tíma.

Meðal annarra gripa eru hnífar, leirker, skreytingar af ýmsu tagi, auk fjölda dýrabeina, nagla og ógreinanlegra hluta úr ýmsum málmtegundum.

## Lokaorð

Frá því að uppgröftur hófst fyrir um áratug hafa verið grafin fram tvö byggingarstig kirkju og klausturhús með tólf mismunandi rýmum. Klausturbyggingin hefur verið 1500 fermetrar að grunnfleti, þegar allt er talið. Samtals voru 242 grafir opnaðar og 14000 gripir skráðir allt tímabilið. Samhliða uppgrefti var unnið að greiningum mannabeina, dýrabeina, skordýra, frjókorna, viðs og gripa og hafa skýrslur um þær verið birtar. Öll þessi gögn og greiningar varpa skýru ljósi á starfsemi klaustursins en hún líktist því sem þekkt er frá öðrum kaþólskum klastrum, þó engin tvö klaustur hafi litið eins út. Í Skriðuklaustri var t.d. rekinn spítali, samhliða hefðbundnum klausturrekstri, líkt og almennt tíðkaðist í klastrum en áherslur innan þeirra voru þó mismunandi.

Vegna hentugra aðstæðna á rannsóknastað hefur nú tekist að grafa upp allar rústir Skriðuklausturs og ná þannig fram heildarmynd af byggingum þess. Það er nyrsta klaustrið í V-Evrópu og það eina sem hefur verið grafið upp í heild sinni á Íslandi. Með áframhaldandi greiningum verður einnig hægt að greina nánar dagleg störf og iðju þeirra sem þar bjuggu.

Fyrir liggur á næstu árum heildarúrvinnsla þeirra gagna sem þegar hefur verið aflað en þetta er í fyrsta skipti sem klaustur er grafið upp í heild sinni hérlendis. Þegar hafa 31 skýrsla,

eitt greinasafn og 21 grein birst um rannsóknina á Skriðuklaustri síðan hún hófst árið 2002. Þá hafa 52 fyrirlestrar hafa verið haldnir um niðurstöðurnar, innanlands og utan. Skýrslur, greinar og aðrar upplýsingar um rannsóknina eru aðgengilegar á heimasíðu hennar á slóðinni <http://notendur.hi.is/sjk/SKR.htm>.

Viðaukar

## Jarðlagaskrá 2002-2011

Dags/Date	Nr/No	Lýsing/Description	Ath. / Nb
25.06.2002	1	Gjóska úr Öskju 1874 / tepra from Askja 1874 (A 1875)	
25.06.2002	2	Gjóska úr Veiðivötnum 1477 / tepra from Veiðivötn 1477 (Vv 1477)	
25.06.2002	3	Gjóska úr Örafajökli 1362 / tepra from Örafajökull 1362 (Ö 1362)	
25.06.2002	4	Yfirborð / surface	
25.06.2002	5	Reglulegt torf með Vv 1477 og Ö 1362 / irregular turf with Vv 1477 and Ö 1362	
26.06.2002	6	Flygsutorf með kolum / scattered turf with pieces of charcoals	
27.06.2002	7	Hreyfður jarðvegur / disturbed soil	
27.06.2002	8	Fokmold / undisturbed soil	
28.06.2002	9	Öskulag bl. br. og óbr. beinum og kolum / Layer of ash, charcoals, burnt and unburnt bones	
02.07.2002	10/14	Mold blönduð finni mól / soil mixed with fine gravel. Sama og J 14	Veggjafylling á öllum svæðum
11.07.2002	11	Torf með A 1874 / turf with A 1874	
16.07.2002	12	Blandað torf / mixed turf	
16.07.2002	13	Torf með Landnámsgjósku / turf with Landnamstepra	
22.07.2002	14/10	Blandaður jarðvegur með smásteinum og torfi / mixed soil with pebbles and turf. Sama og J 10	Veggjafylling á öllum svæðum
22.07.2002	15	Gjóska úr Veiðivötnum 1717 / tepra from Veiðivötn 1717 (Vv 1717)	
22.07.2002	16	Stoðarhola ? / posthole ? Sjá einnig J 27	B5
22.07.2002	17	Stoðarhola ? / posthole ? Sjá einnig J 27	B5
24.07.2002	18	Móaska með kolum og br. beinum / peatash with charcoals and burnt bones	A
25.07.2002	19	Afm. svæði með kolum og br. beinum / Small spots with charcoals and burnt bones	A7
29.07.2002	20	Seyður / cook pit	A
29.07.2002	21	Gólflag, þunnt en þétt bl stráum / floorlayer, thin and compact, mixed with straws (hay)	A, V, Q
30.07.2002	22	Þaktorf / roof-turf	D, H, I, a
30.07.2002	23	Óreglulegt torflag með mikilli koladreif, stórir kolamolar, bl Ö 1362 og Vv 1477 / irregular turf with large pieces of charcoals, mixed with Ö 1362 and Vv 1477	A8
26.06.2003	24	Torf m/áberandi flekkjum lituðum mýrarrauða (Turf, coloured by dots of peat)	D 15
01.07.2003	25	Sandur/sand	D16
01.07.2003	26	Viður/wood	D 16
03.07.2003	27	Stoðarhola/posthole	B 18
09.07.2003	28	Gólflag með kolum/floor-layer with charcoals	C 12

16.07.2003	29	Fitugt, dökkt gólflag/ Greasy, dark floor-layer	B, C, D, E, F, V
30.07.2003	30	Bleiklitaður jarðvegur, laus í sér og kornóttur	D
07.08.2003	31	Fylling í gröfum/grave-fill	Grafir/graves
11.08.2003	32	Jökulleir, óhreyft/ Glacier soil, undisturbed	
09.07.2004	33	Blanda af J 8 og J 12/Mixture of J 8 and J 12	M
11.08.2004	34	Möl/Gravel	H
18.08.2004	35	Mold yfir gólflagi/Earth over floorlayer	I, V
05.07.05	36	Mold undir gólflagi/Earth under floorlayer	I
13.07.05	37	Hola fyllt með torfi/Hole filled with turf	I
27.07.05	38	Torf m/miklu af Ö1362, engin Vv1477/Turf with Ö1362, no Vv1477	L
27.07.05	39	LNL 870-950	L
11.08.05	40	Dökkt kornótt moldarlag/Dark grainy soil	R
19.08.05	41	Ljóst lag, líkist morknum beinum	H
23.08.05	42	Fokmold m/1717 gjósku/Undisturbed soil with 1717	R
28.6.07	43	Skurður undir veggjahleðslum/ditch under walls	L, O, T, V, a, b
24.07.07	44	Púkk/roadbed	O
24.0.07	45	Pyttir undir rústum/pits under ruins	O
18.06.08	46	Skurður undir kirkjugólfi (dren úr skírnarfonti?)/drainage under the church floor	S
21.06.09	47	Þétt lag úr stráum/compact layer of hay	Y
24.06.09	48	Mýrarrauðaflekkir/peat	X
24.06.09	49	Jarðvegur blandaður J2, J48 og J8/ soil mixed with J2, J48 and J8	
01.07.09	50	Þétt, fitugt, rauðbrúnt lag (undir klausturminjum)/compact, greasy, read-brown layer (premonastic)	Æ, Z, Ö
03.07.09	51	Mannvistarlag úr landnámsminjum/Cultural layer from the settlement ruins	Y, Á
15.07.10	52	Gólflag úr landnámsminjum (sama og 50 nema ljósara)/floor-layer from the settlement ruins (same as 50 but lighter in colour)	Æ, Z, Ö
15.07.10	53	Blanda af J5 og J12/J5 and J12 mixed	Ö, a, b, Ä
03.08.10	54	Jarðvegur í affalli/Soil in drainage	Æ, Ð

# Fundaskrá 2011

## Skýringar

Svæði: Bókstafur svæðis

T-lag: Númer teiknilags

J-lag: Númer jarðlags



## Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna

- I. Steinunn Kristjánsdóttir 2003: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2002.*
- II. Magnús Sigurgeirsson 2003: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining.*
- III. Jonathan Møller 2003: *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002.*
- IV. Steinunn Kristjánsdóttir 2004: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2003.*
- V. Giuseppe Venturini 2004: *Preservation Condition of Metal Objects From Skriðuklaustur Excavation 2003.*
- VI. Hákon Jensson 2004: *Garðrækt í Skriðuklaustri. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna.*
- VII. Albína Hulda Pálsdóttir 2004: *Bókagerð í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna.*
- VIII. Macchioni, Nicola og Lazzeri, Simonia 2004: *Anatomical identification of the wooden samples from the Skriðuklaustur excavation (samples collection summer 2003).*
- IX. Steinunn Kristjánsdóttir 2005: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsóknna 2004.*
- X. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005: *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna.*
- XI. Steinunn Kristjánsdóttir 2006: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsóknna 2005.*
- XII. Þóra Pétursdóttir 2006: *Sjónarhólskofi á Múlaafrétti. – rannsókn og uppgröftur 8.-15. ágúst 2006.*
- XIII. Dagný Arnarsdóttir 2006: *Miðaldaklaustrið á Skriðu – gerðir líkkistna. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna.*
- XIV. Pacciani, Elsa 2006: *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Monastery.*
- XV. Davíð Bragi Konráðsson 2007: *Bygging Skriðuklausturs. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna.*
- XVI. Steinunn Kristjánsdóttir 2007: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2006.*
- XVII. Steinunn Kristjánsdóttir 2008: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2007.*
- XVIII. Pacciani, Elsa 2008: *Anthropological description of skeletons from graves no. 5, 17, 27, 34, 54, 74 and 75 at Skriðuklaustur Monastery.*
- XIX. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2008: *Skrá yfir leirkerabrot fundin á Skriðuklaustri 2002-2007.*
- XX. Hrönn Konráðsdóttir 2008: *An Archaeoentomological Research of Skriðuklaustur Samples I.*
- XXI. Hrönn Konráðsdóttir 2009: *Archaeoentomological analysis of samples from the 2008 season of Skriðuklaustur excavation.*
- XXII. Pacciani, Elsa 2009: *Anthropological description of skeletons from graves no. 83, 84, 85, 87, 88, 95, 96, 97 and 99 at Skriðuklaustur Monastery.*
- XXIII. Steinunn Kristjánsdóttir 2009: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2008.*
- XXIV. Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir 2009: *Kirkja staðarhaldara og sýslumanna á Skriðuklaustri 1554-1793. Áfangaskýrsla um kirkju, grafir og grafsiði.*
- XXV. Steinunn Kristjánsdóttir 2010: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2009.*
- XXVI. Hamilton-Dyer, Sheila 2010: *Skriðuklaustur monastery, Iceland. Animal bones 2003-2007.*
- XXVII. Collins, Cecilia 2010: *An Osteological Analysis of the Human Remains from the 2009 Excavation Season at Skriðuklaustur, East Iceland.*
- XXVIII. Pacciani, Elsa 2010: *Anthropological description of skeletons from graves no. 123, 124, 125, 126, 127, 128, 129, 130, 131, 132, 133, 134, 135, 136, 141, 142, 143, 145 and 146 at Skriðuklaustur Monastery.*
- XXIX. Steinunn Kristjánsdóttir 2011: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2010.*
- XXX. Collins, Cecilia 2011: *An Osteological Analysis of the Human Remains from the 2010 Excavation Season at Skriðuklaustur, East Iceland.*
- XXXI. Ahlin Sundman, Elin 2011: *Osteological Analysis of the Human Remains – Skriðuklaustur 2011.*